

# Vefrit fjármálaráðuneytisins

31. janúar 2008

## Skattlagning olíuleitar og -vinnslu í íslenskri lögsögu

Í janúar 2009 er stefnt að því að hægt verði að bjóða út sérleyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg. Hluti af undirbúningi stjórnvalda vegna þess er að nú er unnið að frumvarpi að skattlagningu slíkrar starfsemi í fjármálaráðuneytinu. Ýmis álitæfni koma til skoðunar við skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu. Sérstaða þeirra fyrirtækja sem að slíkrri starfsemi standa liggur í gríðarlegum kostnaði vegna olíuleitar og olíuvinnslu og þeirri óvissu sem fylgir starfsemi. Ef lítið er til nágrannaríkja okkar má sjá að þau byggja gjaldtöku og skattheimtu fyrirtækja í olíuleit og olíuvinnslu á svipuðum grunni en með misjöfnu fyrirkomulagi. Almennt hafa ríki margþætta skattheimtu sem miðar að því að ná til sín sem mestu af hagnaði olíuvinnslunnar og skattlagning olíufyrirtækja er almennt meiri en annarra fyrirtækja.

Algengast er í nágrannalöndum okkar að leyfishafi greiði leyfisgjald vegna undirbúnings og útgáfu leyfis og svæðisgjald vegna afnota á því svæði sem honum er úthlutað vegna rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis. Í mars á síðasta ári lögfesti Alþingi slíkt svæðisgjald í lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þá eru í sumum ríkjum innheimt sérstök framleiðslugjöld (t.d. Færeyjum). Til viðbótar þessum gjöldum er lítið svo á að leyfishafi greiði almennan fyrirtækjaskatt, en að auki eru í flestum nágrannaríkjum okkar innheimtir sérstakir olíuskattar á hagnað vegna olíuvinnslu (50% í Noregi). Á móti kemur að yfirleitt er heimilt að draga ýmsan kostnað, t.d. rannsóknarkostnað, frá skattstofni, auk hagstæðra reglna um afskriftir og uppsafnað tap.

Við gerð ofangreinds frumvarps fjármálaráðherra um skattlagningu olíuleitar og olíuvinnslu er það haft í huga að við slíka skattheimtu er mikilvægt að annars vegar sé tryggt að ásættanlegur arður af olíuvinnslu renni til íslenska ríkisins og hins vegar að samantölgð skattheimta vegna olíuleitar og vinnslu í íslenskri lögsögu verði ekki hærra en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar til að tryggja að skattumhverfið hérlendis sé fullkomlega samkeppnishæft samanborið við nágrannaríkið okkar. Jafnframt ber að hafa í huga að sérstök ívilnandi frávik frá almennri fyrirtækjaskattlagningu ber að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og fá samþykkt út frá ákvæðum EES samningsins um ríkisaðstoð. Fyrirhugað er að frumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi vorþingi.

## Sótt í ríkiskassann

Fjármálaráðuneytið heldur úti sérstökum vef sem ætlað er að bregða upp mynd af nokkrum meginatriðum í ríkisrekstri og efnahagsmálum. Vefurinn nefnist [rikiskassinn.is](http://rikiskassinn.is). Meðal efnis eru skilgreiningar og orðskýringar á ýmsum hugtökum sem gjarnan heyrast í opinberri umræðu.

Hér fara á eftir nokkur dæmi um orðskýringar sem ríkiskassinn hefur að geyma:

### • Hagræn skipting útgjalda

Umsvif ríkisins hafa ýmis áhrif á efnahagsstarfsemina. Sú venja hefur myndast í alþjóðlegum samanburði að skipta útgjöldum ríkisins í þrjá þætti með tilliti til þessa og er talað um hagræna skiptingu í því sambandi. Í fyrsta lagi beinan rekstur ríkisins og stofnana þess. Í öðru lagi tilfærslur fjármagns úr ríkissjóði til einstaklinga og fyrirtækja, svonefndar neyslu- og rekstrartilfærslur. Í þriðja og síðasta lagi meiri-háttar viðhalds- og stofnkostnað.

### • Jaðarskattar

Með jaðarsköttum er átt við það hversu stór hluti af síðustu krónunni sem fólk vinnur sér inn fer í skatt til hins opinbera. Ýmsar bætur sem hið opinbera greiðir fólki ráðast af tekjum þess. Hugsunin er þá yfirleitt sú að þeir sem eru undir ákveðnum tekjum fái greiðslur frá ríkinu en að fjárhæðin lækki eftir því sem fólk á meiri eignir eða aflar sér

meiri tekna sjálft. Tekjutenging bóta getur leitt til þess að viðbótar-tekjur sem fólk vinnur sér inn lækki bætur og virki eins og skattur. Jaðarskattur sýnir þannig hve stóran hluta af viðbótartekjum viðkomandi heldur eftir.

### • Landsframleiðsla

Landsframleiðsla er allt það sem framleitt er hérlendis burtséð frá því hvort framleiðslan er í eigu íslenskra eða erlendra aðila.

Landsframleiðsla er mælikvarði á það hversu mikið er framleitt af tilbúinni vöru og þjónustu í hagkerfinu. Vörur sem notaðar eru til að framleiða aðrar vörur eru ekki taldar með til þess að forðast tvítalningu.

Landsframleiðsla er notuð sem mælikvarði á velferð þjóða og breyting á landsframleiðslu milli ára, mæld í prósentum, kallast hagvöxtur.

Landsframleiðsluna er hægt að mæla og sýna á nokkra vegu en algengast er að hún sé sett fram samkvæmt svokallaðri ráðstöfunaraðferð. Hún byggist á því að gera grein fyrir hvernig þeim fjármunum sem verða til í hagkerfinu er ráðstafað. Einfaldasta form þjóðhagsreikningsins er þetta:

Verg landsframleiðsla = einkaneysla + samneysla + fjárfesting + birgðabreyting + útflutningur - innflutningur

### • Markaðar tekjur

Tekjur af sumum sköttum ríkisins eru beinlínis ætlaðar til að standa undir tilteknum útgjöldum. Þannig er til dæmis ákveðið að mestallar tekjur af svonefndu bensíngjaldi, sem er sérstök tegund af vörugjaldi, renni til vegagerðar. Sömuleiðis er fyrir fram ákveðið í lögum til hvaða þátta tekjur af tryggingagjaldi skuli renna.

## Tollafgreiðslugengi

Hinn 1. febrúar nk. taka gildi nýjar reglur um skráningu tollafgreiðslugengis, en tollafgreiðslugengi er notað til umreiknings tollverðs vöru í íslenskar krónur sé einhver hluti þess tilgreindur í erlendum gjaldmiðli. Hingað til hefur ákvörðun tollverðs við tollafgreiðslu sendinga í sérhverjum almanaksmánuði verið byggð á tollafgreiðslugengi eins og það var ákveðið á 28. degi undanfarandi mánaðar. Miklar sveiflur geta orðið á gengi innan mánaðar og á milli mánaða. Því samþykkti Alþingi í desember sl. breytingu á tollalögum þess efnis að tollafgreiðslugengi verði frá og með 1. febrúar 2008 miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á hverjum virkum degi. Það þýðir að við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á opinberu viðmiðunargengi sem skráð var af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan. Tollverð vöru sem er tollafgreidd á sunnudegi verður því ákvarðað á grundvelli gengis sem Seðlabankinn skráði sem opinbert viðmiðunargengi á föstudeginum á undan.

Gert er ráð fyrir að skráning vöruviðskipta okkar við útlönd verði réttari eftir breytinguna en nokkrar skekkjur hafa birst í heildarfjárhæðum innflutnings og útflutnings annað hvort til vanmats eða ofmats vegna gengissveiflna. Að auki er gert ráð fyrir að breytingin stuðli að jafnara álagi við tollafgreiðslu hjá tollstjórum.

Í dag er orðið afar sjaldgæft að tollverð vöru sé tilgreint í gjaldmiðlum sem Seðlabankinn tekur ekki til opinberra skráningar en gert er ráð fyrir að tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla verði jafnframt ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands á hverjum virkum degi í stað 28. hvers mánaðar.

## Ársreikningar og bókhald

Meðal þeirra málaflokka sem heyra undir fjármálaráðuneytið samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands eru lög og stjórnálysla varðandi bókhald og ársreikninga. Þar undir falla m.a. heimildir fyrirtækja til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli.

Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,9	11,9
Skattar á tekjur og hagnað	20,1	15,4
Eignarskattar	-42,6	27,5
Skattar á vöru og þjónustu	12,9	9,1
Tryggingagjöld	16,1	5,4
Tekjur alls	-6,2	14,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	-21,2	-5,2
Heilbrigðismál	8,3	9,1
Alm.tryggj. & velferðarmál	4,8	15,9
Efnahags- og atvinnumál	2,5	19,9
Menntamál	12,1	13,3
Gjöld alls	1,8	14,7

Afkoma ríkissjóðs janúar – nóvember		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	48.791	51.229
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	46.785	-11.868
Afborgun lána	-41.565	-33.503
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	1.921	-48.671
Lántökur	25.961	58.383
Greiðsluafkoma	27.882	9.712

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (jan. '08)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (jan. '08)	7,1	5,9
Launavísitala (desember)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-október)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-október)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,2	0,9